

Tíminn í víðu samhengi

Fjórar listakonur sýna verk sín í Hafnarborg. **16**



Leiðtogi verður til

Farið yfir feril Virgils van Dijks og rætt við gamla þjálfara hans og samherja. **14**



35 ára pásu lokið

Rokkbandið Foringjarnir snýr aftur. **8**

23. JÚNÍ 2024
SUNNUDAGUR
Morgunblaðið

Vinnur upp heila mannsævi

Jóhann S. Vilhjálmsson var greindur á einhverfurófi 64 ára gamall. Hann sinnir myndlist á hverjum degi og verk hann eru á samsýningu í Hafnarhúsinu. Hann segir að myndlistin hafi gefið sér allt. **10**

VIÐTAL

Myndlistin gjörbreytti öllu

Jóhann S. Vilhjálmsson komst að því 64 ára gamall að hann væri á einhverfurófi. Hann er myndlistarmaður sem gerir myndir sem byggjast á gríðarlegri nákvæmni. Tólf verk eftir hann eru á samsýningunni Murr í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu. Öll eru verkin teiknuð með penna.

Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrun@mbl.is

Blaðamaður hitti myndlistarmanninn Jóhann S. Vilhjálmsson í Hafnarhúsinu þar sem myndir hans eru á samsýningu. Listamaðurinn var á tali við erlendan ferðamann sem dáðist að verkum hans og var greinilega afar upp með sér að hafa hitt hann og spurði hvar yrði hægt að skoða væntanlegt viðtal við hann.

Jóhann lifir fyrir myndlistina en er einnig ástríðufullur bókaunnandi eins og blaðamaður komst að raun um. Spurður um uppvöxtinn segir hann: „Það var mikið af bókum á heimilinu í uppvexti mínum. Ég átti eiginlega ekki leikföng, ég entist ekki við þau. Ég vildi bara lesa bækur. Jói frændi Pétursson vitavörður á Hornbjargi var móðurbróðir minn. Hann var mikill bókamaður og ef ég átti afmæli fékk ég tíu til tólf bækur frá honum.

Ég las allt milli himins og jarðar. Uppáhaldshöfundurinn minn þegar ég var sjö ára var pólski Nóbelsverðlaunahöfundurinn Henry Sienkiewicz sem skrifaði Með báli og brandi sem mér fannst alveg frábær bók. Það var mikið stríð í henni og hetjuskapur. Svo las ég ungur Stríð og frið eftir Tolstoj og þegar ég var kominn í miðja bók hugsaði ég: Nei, það er hvergi barist í þessari bók. Allt snýst um einhverja konu í Pétursborg.

Ég ólst upp við bækur og þær hafa alltaf fylgt mér. Á sínum tíma kynntist ég Óttari Proppé þegar hann fór að vinna í Máli og menningu. Það fannst mér mikið lán. Við komumst að því að við höfðum nákvæmlega sama smekk á bókmenntum. Við skiptum því á milli okkar að lesa bækur sem við flokkuðum annaðhvort sem góðar eða vondar. Þannig spöruðum við tíma því annar okkar losnaði við að lesa bækurnar sem hinn sagði að væru slæmar.

Eitt sinn langaði mig þá stundina til að lesa reyfara frá ca 1932, um spæjara í rykfrakka sem hittir heita ljósku. Ég sá í Máli og menningu bókarkápu af rollu sem stóð við tré og var í rykfrakka. Þetta var Wild Sheep Chase eftir Murakami, sem var í bunkum á útsölu í búðinni og enginn leit við. Ég keypti bókina, las hana og daginn eftir var ég kominn í Mál og menningu, skellti henni á borðið og sagði við Óttar: Þetta er maðurinn!

Óttarr pantaði allar bækur eftir Murakami sem hægt var að fá og þær fóru að seljast. Þegar Murakami kom hingað til lands og meira en fyllti salinn í Norræna húsinu þá hnippti Óttarr í mig og sagði: Sjáðu hvað við höfum gert!

Við Óttarr áttum góðan fund með Murakami og eiginkonu hans og ég lét hann árita heilan poka af bókum. Ég sagði Murakami litla sögu. Ég hafði fyrir sið að kaupa nokkur eintök af Norwegian Wood, skrifa á miða Read Me og setja á bókina. Eitt sinn var ég staddur á flugvellinum í Frankfurt og þá þyrptist inn í salinn hópur af japönskum ungmeyjum. Ég hafði lagt bókina með miðanum á borð í salnum. Ein stúlka var á eftir hinum og skimaði í kringum sig. Við náðum augnsambandi og ég tók bókina upp og lyfti henni. Þá hallaði stúlkan undir flatt og lagði höndina á hjartastað. Þetta þótti eiginkonu Murakamis afskaplega fallegt.

Murakami er indæll maður og gríðarlega gott skáld. Margir skammast yfir því að ekkert gerist í bókum hans, en það er af því að þeir sjá það ekki, það sem gerist er svo hárfínt.“

Jóhann heldur áfram að tala um bækur af ástríðu: „Sá höfundur sem hefur haft mest áhrif á mig undanfarin ár er Milorad Pavic sem skrifaði bókina Landslag málað með tei. Ef þú lest þrjár til fjórar síður í þeirri bók og ferð svo að sofa, vaknar um morguninn, teygir úr þér, ferð inn í eldhús, hellir kaffi í bollann og tekur hann upp þá muntu sjá að bollinn lítur ekki alveg eins út og í gær.

Pavic tekur venjulega hluti, vindur upp á þá og allt verður rökrétt – svo er hann skemmtilegur. Hann fær mann til að sjá hlutina frá allt öðru sjónarhorni en maður er vanur.“

Þrá til að gera myndir

Blaðamaður væri sannarlega til í að ræða bókmenntir miklu lengur við Jóhann, en erindið var samt að ræða um myndlist hans, sem vekur athygli allra sem hana sjá. Jóhann er spurður hvenær áhugi hans á myndlist hafi vaknað.

„Ég man eftir að hafa teiknað eitthvað og litað, átta eða níu ára gamall, og móðir mín, Ásgerður Pétursdóttir, sem var alltaf mjög hreinskilin, sagði: Þetta er ljótt. Hún hugsaði ekki meira út í það en einhvern veginn situr þetta alltaf í mér.

> *Ég fór að gúgla og sá af hverju ég hafði hagað mér á þennan eða hinn veginn og brugðist við á þennan hátt en ekki hinn. Það eina sem ég hugsaði var: Æ, greiningin hefði mátt koma svo miklu fyrr. En það var aldrei talað um þessa hluti í gamla daga.*

Ég fékk allt í einu ógurlega þrá til að gera myndir. Við bjuggum í stóru húsi og það var tveggja herbergja íbúð niðri sem stóð auð því mamma vildi ekki að neinn byggi fyrir neðan okkur. Ég ákvað að nota það pláss til að mála. Pabbi keypti ramma fyrir mig og ég strekkti á hann striga. Pabbi lét mig ekki hafa málningu heldur sagði: Nú ertu orðinn listamaður og verður að bjarga þér. Ég fann hvíta húsamálningu. Pabbi, Vilhjálmur Guðmundsson, var heildsali og átti í viðskiptum í Þýskalandi og það var mikið af þýskum blöðum á heimilinu, eins og Der Spiegel og þar var aftast smá klásúla um myndlist. Ég tók myndir úr þessum blöðum og gerði stórar klippimyndir og setti á málninguna. Svona myndir voru nokkuð lengi til heima.

Ég hélt áfram að teikna, ætlaði í myndlistarskóla en fyrir átján ára aldur var ég kominn með þrjú börn.“

„Þrjú börn átján ára, það er ansi ungt!“ segir blaðamaður með áherslu og listamaðurinn svarar: „Þegar fólk spyr svona þá gleymir það því að það voru allt aðrir tímar. Þetta gerðist og varð.“

Hann heldur áfram: „Þótt pabbi ætti fullt af peningum þá fannst honum ekki koma til greina að borga eitthvað fyrir mig, ég skyldi vinna fyrir mér sjálfur. Hann bauð mér að fara annaðhvort í úrsmíði eða pípulagningar, hann hafði ítök í hvoru tveggja. Ég hugsaði mig um í þrjár sekúndur og sá fyrir mér lokað rými úrsmiðsins en í pípulögnum fóru menn hingað og þangað – ég fór í pípulagnir.“

Var þetta rétt hjá pabba þínum að láta þig ekki fá peninga?

„Sennilega. Ég er hér í dag í Listasafni Reykjavíkur að tala við þig vegna alls þess sem gerðist. Ekki út af einhverju núi heldur út af öllu sem var. Af hverju ætti ég að skammast yfir því? Ég fór í pípulagningar og var eldklár í því, óhemju duglegur og þénaði ógurlega. Ég var alltaf að byggja mér stærra hús sem var tóm vitleysa. Svoleiðis hefur ekkert upp á sig. En ekkert var létt, oft var erfitt.“

Einkalíf Jóhanns var stormasamt og sárt. „Ég var giftur í fjörutíu ár. Við eignuðumst fjögur börn og ég átti eitt fyrir. Konan mín var sjúklingur, alkóhólisti, og hvarf stundum í nokkra daga. Þetta var ógurlega erfitt en ég elskaði hana afskaplega mikið. Svo skildi hún við mig, fékk sér mann sem hún gat drukkið með. Í mörg, mörg ár var ég reiður og átti erfitt með að fyrirgefa sjálfum mér fyrir að hafa látið þetta hjónaband ganga svona lengi. Ég dvel ekki við það lengur, það er bara eins og það var.

Þegar við skildum var ég byrjaður að mála olíumyndir á fullu. Svo teiknaði ég svart-hvítar myndir með tússpenna. Ég reyndi við akríl en það var eins og að anda í gegnum sokk.“

Það er maður að deyja hjá mér

Heilsan gaf sig þegar Jóhann var sextugur og um leið urðu kaflaskil. „Ég dó árið 2010. Hjartað gaf sig. Ég var að vinna vestur í bæ. Ég var utan við mig, byrjaði að svitna og var orðinn kaldur og með ógurlegan verk eins og verið væri að stíga ofan á mig. Ég bankaði upp á hjá konunni sem ég var að vinna fyrir og sagði: Ég held að ég fari heim. Hún horfði á mig og sagði eldsnöggt: Viltu ekki setjast?

Hún náði í koll og ég settist á hann við dyragáttina. Hún bauð mér vatnsglas og ég þáði það. Svo heyrði ég hana inni í eldhúsi í símanum segja snakilla: Það er maður að deyja hjá mér. Maðurinn í símanum sagði eitthvað við hana og hún sagði: Væni minn, vertu ekki með þetta bull, ég veit hvað ég er að tala um. Þetta kom fyrir mig í fyrra.

Ég hugsaði með mér að ekki væri gott að deyja í hurðarkarmi þannig að ég ákvað að reyna að komast út. Ég komst einhver skref en hneig niður. Þá byrjaði að dimma, allt varð mjúkt og gott. Það fór skjálti um mig og næsta hugsun var að það hefði verið gott ef einhver héldi í höndina á mér meðan ég væri kveðja þetta líf. Ég rankaði svo við mér þegar verið var að koma mér inn í sjúkrabílinn. Ég sagði: Haldið þið að það verði ekki í lagi með mig, strákar? Þá sagði einn þeirra: Jói minn, ef við komum þér ekki upp eftir á fimm mínútum þá ertu dauður. Þetta reyndist vera sonur samstarfsmanns.

Ég fór í aðgerð og eftir það hætti ég að vinna vegna heilsuleysis. Þá einhenti ég mér í myndlistina. Ég gerði ekkert annað og hugsaði ekki um annað.“

Heimurinn opnaðist

Jóhann var greindur á einhverfurófi nokkrum árum seinna, 64 ára gamall. „Einn af ættmennum mínum var Sigurður Þorsteinsson sem varð úti á Kili með Reynistaðarbræðrum. Í annálum segir að eftir dauða hans hafi mikil þyngsli lagst yfir ættina. Það er rétt, það hefur verið þunglyndi í ættinni og sjálfsvíg.



Ég var beðinn að taka þátt í stórri þunglyndisrannsókn og gerði það. Þremur vikum seinna fékk ég sent bréf heim þar sem mér var þakkað kærlega fyrir en um leið var ég spurður hvort ég vildi taka þátt í einhverfurannsókn því ég hefði verið greindur á einhverfurófi.

Þarna var ég 64 ára. Þetta var eins og að hafa verið í myrkum sal og sjá allt í einu dyr opnast um leið og tónlist og ljós kemur á móti manni. Þarna opnaðist allur heimurinn fyrir mér.

Ég fór að gúgla og sá af hverju ég hafði hagað mér á þennan eða hinn veginn og brugðist við á þennan hátt en ekki hinn. Það eina sem ég hugsaði var: Æ, greiningin hefði mátt koma svo miklu fyrr. En það var aldrei talað um þessa hluti í gamla daga.


Svo breyttist mikið þegar sonur minn flutti inn til mín tímabundið og setti mig inn á Facebook. Þar ætlaði ég aldrei að vera, ekki frekar en að borða McDonalds. Einn daginn sendi ég vinabeiðni á ókunna konu í Belgrad vegna þess að mér fannst hún heita svo skemmtilegu nafni. Vinur hennar, einn færasti ljósmyndari í Serbíu, á bróður sem vinnur á bílaverkstæði í Hafnarfirði. Hann varð líka vinur minn og deildi myndum mínum sem deildust áfram til Tyrklands og þar var prófessor í myndlist sem fékk áhuga á þeim. Í framhaldinu var myndum mínum deilt á gallerí og listaháskóla um allan heim. Ég fékk sjötíu vinabeiðnir á dag eingöngu úr listageiranum.

Sheldon Hurst, prófessor í listasögu, galleristi og sýningarstjóri, hafði samband við mig og bauð mér að sýna í ArtReach Gallery í Portland í Oregon. Hann kom til landsins og sat í þrjá daga með mér og valdi myndir á sýninguna. Þetta var árið 2019 og sýningin stóð í



Í myndlistinni þarf ég ekki að hugsa hvað ég geri næst. Myndir eru tilbúnar í höfðinu.

Morgunblaðið/Árni



Ég er oft spurður hversu mikill tími fari í hvert verk. Ég mældi það einu sinni og það voru 92 klukkustundir.

sjö vikur. Sheldon hélt fyrirlestur um mig einu sinni í viku. Ég var ekki viðstaddur, heilsan leyfði ekki flug.“

Málar á hverjum degi

Það leynir sér ekki að mikil vinna er á bak við hvert verk Jóhanns, en verkin vinnur hann á pappír og notar blek og liti. „Ég er oft spurður hversu mikill tími fari í hvert verk. Ég mældi það einu sinni og það voru 92 klukkustundir.“

Spurður hvaðan hann fái innblástur segir Jóhann: „Ég var eitt sinn að lýsa þessu fyrir Sheldon. Ég sagði honum að þegar ég læsi bækur væri ég ekki að kryfja þær til mergjar. Ég les bók og hún verður að lífi mínu. Hann tuðaði eitthvað yfir þessu og ég sagði: Þú hefur séð hvali þegar þeir koma upp, þeir opna kjaftinn og taka eina síldartorfu í einu og fara svo niður aftur. Þannig tek ég bókmenntir. Þær eru inni í mér.

Það sama á við um myndlistina. Í myndlistinni þarf ég ekki að hugsa hvað ég geri næst. Myndir eru tilbúnar í höfðinu. Þær eru þar í stafla. Ég veit nákvæmlega hvernig myndin á að vera og svo byrja ég.

Þú spurðir um innblástur. Þar hafa gerst hlutir sem skipta máli. Ég var eitt sinn í París með konu minni og dóttur. Við fórum í Sacré-Cœur-basilíkuna í París. Þar var verið að skíra barn. Allt í einu sá ég eins og hvíta línu fara eftir kirkjuskipinu. Ég horfði lengi á þetta fyrirbæri því það var ekki eðlilegt. Ég sagði ekki neinum frá þessu. Eftir að ég kom heim teiknaði ég mynd sem var lína sem gekk í bylgjum. Síðan hef ég notað þetta í flestar myndir mínar.

Ég varð aftur fyrir þessari upplifun í Topkapi-safninu í Istanbúl og mörgum árum seinna í þriðja skiptið í Treblinka í Póllandi. Upplifun mín kom í kristinni kirkju, safni þar sem ég var í herbergi Múhameðs og svo frá gyðingum. Ég nota þetta sem trúarlega tengingu inn í sumar myndir mínar.

Ég hugsa þó ekki mikið um trúmál. Mamma var gífurlega trúuð og rammskyggn, það er mikil skyggnigáfa í ættinni, allt aftur í aldir. Ég hef ýtt þessu öllu frá mér en ég veit stundum hluti og það getur verið allt í lagi en er stundum óþægilegt.“

Hvað hefur myndlistin gefið þér?

„Myndlistin hefur gefið mér allt. Hún gjörbreytti öllu og kenndi mér að elska sjálfan mig á ný.

Ég mála á hverjum einasta degi. Líf mitt hefur verið erfitt en það hafa alltaf komið ljósgeislar. Vegna þess að ekki fór allt eins og ég vildi finnst mér líka að ég þurfi á næstu árum að vinna upp heila mannsævi.“